

**146** Ef fulltrúar FÍS og FFPS eru ósammála öðrum fulltrúum ráðsins um af-  
20. júlí greiðslu mála, skal álit þeirra og tillögur sent símamálaráðherra með tillögum  
póst- og símamálastjóra, ef lokaafgreiðsla málsins fer fram hjá símamálaráðherra.

Starfsmannaráð skal halda fundi tvisvar í mánuði, eða oftár, ef þörf krefur.  
Formaður boðar ráðsfundi, ásamt dagskrá, og stjórnar þeim. Starfsmannaráð kýs  
fundarritara til hálfis árs í senn. Í fundarbókina skal skrá m. a. allar ályktanir  
starfsmannaráðs og skrifa allir ráðsmenn, sem fund sitja, undir fundargerðina  
að fundi loknum.

Fundur í starfsmannaráði er ályktunarfær, ef 4 ráðsmenn eru mættir, og sé  
einn þeirra fulltrúi FÍS, enda heyrir mál þau, sem fyrir fundinum liggja, undir  
einhvern þeirra.

Á fyrsta fundi ráðsins eftir hver áramót, skal ákveða fasta fundardaga og  
fundartíma fyrir komandi ár.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera  
trúnaðarmál.

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi nú þegar.

*Póst- og símamálaráðherrann, 20. júlí 1953.*

**Björn Ólafsson.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

**147**  
24. júlí

## AUGLÝSING

um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar  
berist til landsins.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin-  
og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið  
ákveðið að auk þeirra vara, sem bannaður er innflutningur á í lögnum, þá skuli  
bannaður frá Evrópu innflutningur á sláturafurðum hvers konar og húðum. Stór-  
gripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land má flytja inn, enda séu þær  
sótthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands. Þá er enn fremur  
bannaður innflutningur frá Evrópu, að undanteknum Danmörku, Færeyjum,  
Noregi, Svíþjóð, Hollandi, Stóra-Bretlandi og Írlandi, á lifandi jurtum, trjám (jóla-  
trjám), trjágreinum og trjákönglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 65 5. marz 1953, um sama  
efni.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1953.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*